

Nd.

753. Nefndarálit

[191. mál]

um frv. til l. um Iðnrekstrarsjóð.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta frv. á tveim fundum sínum. Hún er efnislega sammála um að mæla með frumvarpinu að öðru leyti en því, að hún gat ekki orðið sammála um 3. gr. frumv., sem fjallar um stjórn Iðnrekstrarsjóðs.

Á því er enginn vafi, að bráðnaðsynlegt er að auka vaxtarmöguleika iðnaðar í landinu, og felur frumvarpið í sér rekstraraðstoð við iðnaðinn, sem atvinnuvegurinn þarf nauðsynlega að fá. Meiri hluti nefndarinnar telur hins vegar, að það sé ekki aðeins óþarfi, heldur beinlínis óhyggilegt að koma á fót sérstakri stjórn með tilheyrandi skrifstofuliði til að annast þetta verkefni. Alveg sérstaklega telur meiri hlutinn þetta óhyggilegt, þar sem ákvæði til bráðabirgða, sem sett var inn í frv. í hv. Ed., gerir ráð fyrir, að þessi lög og önnur lánamál iðnaðarins verði endurskoðuð hið fyrsta, væntanlega fyrir næsta þing.

Meiri hluti nefndarinnar minnir á, að nú þegar starfa auk Iðnaðarbanka Íslands þrjár lánastofnanir bundnar við iðnaðinn: Útflutningslánasjóður, Iðnþróunarsjóður og Iðnlánasjóður. Auk þess eru svo auðvitað fjölmargar stofnanir, sem snerta beint og óbeint hlutverk Iðnrekstrarsjóðs. Má t. d. nefna Rannsóknastofnun iðnaðarins, Iðnþróunarstofnunina, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, Framkvæmdastofnun ríkisins og e. t. v. fleiri.

Meiri hluti nefndarinnar telur rétt að minna í þessu sambandi á umsögn Seðlabanka Íslands, dags. 23. marz 1973, en í henni segir m. a.:

„Bankastjórnin vill hins vegar benda á, hvort ekki væri eðlilegra að beina fjármagni þessu til þeirra sjóða iðnaðarins, sem þegar eru starfandi, sem yrði þá jafnframt falið það verkefni, sem frv. mælir fyrir um, í stað þess að setja á stofn sérstakan sjóð í þessu skyni. Hefur réttilega verið talið æskilegt að vinna að því að fækka fjárfestingalánasjóðum með sameiningu þeirra sjóða, sem þegar eru starfandi, í stærri og hagkvæmari einingar. Stofnun nýs sjóðs til að vinna að eflingu iðnaðar til viðbótar þeim tveimur, sem fyrir eru, er ekki í samræmi við þessa stefnu.“

Meiri hl. nefndarinnar telur því fráleitt að bæta beinlínis einni stofnun við og getur ekki séð betur en að verkefnið rúmist annað hvort innan ramma Iðnlánasjóðs eða Iðnþróunarsjóðs, en hefur valið Iðnlánasjóð.

Meiri hlutinn leggur því til, að á frv. sé gerð eftirfarandi

BREYTING:

3. gr. orðist svo:

Stjórn Iðnlánasjóðs samkv. 3. gr. laga nr. 68/1967 fer með stjórn sjóðsins, sem skal vera sérstök deild í Iðnlánasjóði.

Alþingi, 14. apríl 1973.

Pétur Pétursson,
frsm.

Gunnar Thoroddsen.

Bjarni Guðnason.

Lárus Jónsson.